

Sel íslenska 9. bekkur 2020 - 2021

Kennarar: Ásta Hlín Magnúsdóttir; Guðrún Sesselja Sigurðardóttir; Tinna Baldursdóttir

9

Lýsing

Í 9. bekk er áhersla lögð á vinnu með lestur, lesskilning, framsögn, ritun og gagnrýni. Nemendur vinna verkefni tengd íslenskum og erlendum bókmenntum. Unnið er að því að nemendur geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og geti fært rök fyrir skoðun sinni í ræðu og riti. Auk þess er áhersla á málfræði þar sem haldið verður áfram að vinna með sagnorð og óbeygjanleg orð. Lögð er áhersla á að samþætta námshluta og verður unnið með bókmenntir, málfræði og talað mál og hlustun í bland.

Markmið:

Að nemendur auki lestarhraða, nái að lesa og skilja mismunandi texta, auki orðaforða sinn og lesskilning og þekki muninn á hefðbundnum og óhefðbundnum ljóðum. Auk þess að nemendur öðlist aukið öryggi í framsögn og framkomu, þjálfist í uppsetningu og réttum frágangi eigin texta. Í málfræði er áherslan á að nemendur þekki einkenni fallorða, sagnorða og óbeygjanlegra orða og geti auk þess greint og gert sér grein fyrir einkennum undirflokka fallorða og óbeygjanlegra orða.

Námsefni:

Kjörbók: Bókin þarf að vera skáldsaga, skrifuð á íslensku, ætluð fyrir unglingastig og nemendur þurfa að fá samþykki kennara áður en lestur hefst. Nemendur geta leitað til kennara varðandi val á bók. Nemendur lesa tvær kjörbækur á skólaárinu. Fyrri kjörbók skal kynna munnlega en seinni kjörbókarskil eru ritgerðaskil.

Málfræði: Unnið er með bókina Málið í mark - Sagnorð fyrir áramót og Málið í mark - Óbeygjanleg orð eftir áramót auk þess sem málfræðikennsla fléttast inn í allt námsefni annarinnar.

Bekkjarsett: eru bækur sem lesnar eru af öllum nemendum samtímis. Samhliða vinna nemendur fjölbreytt verkefni byggð á bókunum. Í 9. bekk er unnið með bækurnar Milljón holur, Mitt eigið Harmageddon, Vertu ósýnilegur og Laxdælu.

Í ritun læra nemendur bæði stílrítun og rökfærslurítun og fá kynningu hvernig leita skal og vitna til heimilda. Einnig er nokkuð unnið með stafsetningu og farið vel yfir reglur.

Kennsluáferðir:

Innlagnir, einstaklingsvinna, hópavinna og umræður.

Námsmat:

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla liggja til grundvallar námsmats. Mat birtist reglulega yfir veturinn á hæfnikorti hvers nemanda.

Hæfni nemenda er metin út frá kvarðanum A, B, C, D. Samantektareinkunn (lokaeinkunn) er metin út frá kvarðanum A, B+, B, C+, C, D.

SEL íslenska 9. bekkur 2020-2021 - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.
- Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökkræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt

SEL íslenska 9. bekkur 2020-2021 - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni, persónu, sögusvið, innri og ytri tíma.
- Þekki hugtökin rím, endarím, runurím, víxlrím, karlrím, kvenrím, ljóðstafir, stuðlar og höfuðstafur.
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.
- Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.
- Þekki helstu hugtök í myndmáli í bókmenntum og ljóðum, s.s. persónugerving, viðlíking, myndhverfing og bein mynd.

SEL íslenska 9. bekkur 2020-2021 - Ritun

- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.
- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.

- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.

SEL íslenska 9. bekkur 2020-2021 - Málfræði

- Þekki einkenni fallorða og undirflokka orðflokksins og getur greint og unnið með fallorð.
- Þekkir mun á orðflokkunum, fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt.
- Þekkir einkenni sagnorða og getur unnið með: tíð, persónur, myndir, kennimyndir, hætti og fleira.
- Þekki og getur unnið með myndir og hætti sagna
- Þekki einkenni óbeygjanlegra orða og þekki alla undirflokka þeirra.

SEL íslenska 9. bekkur 2020-2021 - Vinnubrögð

- Geti borið ábyrgð á eigin námi, gögnum og skilaverkefnum.
- Tekið virkan þátt í samstarfi.
- Tekið virkan þátt í umræðum
- Getur farið eftir fyrirmælum við úrlausn verkefna.